



FUNDARGERÐ 496. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 9. apríl 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Aldís Stefánsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Sigrún Hulda Jónsdóttir í fjarveru Orra Hlöðverssonar, Sigríður Hulda Jónsdóttir í fjarveru Guðfinns Sigurvinssonar, og Svana Helen Björnsdóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Samskipti milli funda

Formaður, hluti stjórnar og framkvæmdastjóri gengu á fund stjórnar SSH og upplýstu um málefni ESA og stöðu hátæknibrennslu og hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu urðunarstaðar í Álfsnesi.

2. Árangursmat stjórnar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tilboðum ráðgjafafyrirtækja í vinnu við gerð árangursmats stjórnar. Tilboð bárust frá Deloitte, Intellecta og KPMG. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða nánar við Deloitte og KPMG.

3. Innri endurskoðun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vinnu við viðbrögð SORPU bs. við athugasemdum og ábendingum innri endurskoðenda SORPU. Vinna er hafin innan SORPU við að leysa úr öllum atriðum.

4. Erindisbréf áhættunefndar

Framkvæmdastjóri kynnir drög að erindisbréfi áhættunefndar. Áhættunefnd var nýlega færð til í skipuriti og svarar nú beint til stjórnar.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi erindisbréf áhættunefndar, og óskar eftir kynningu á áætluðum kostnaði við starfsemi nefndarinnar á næsta fundi stjórnar.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra – stiklað á stóru úr rekstri SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir rekstri tiltekinna verkefna í starfsemi SORPU.



6. ESA málið – staða og næstu skref

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:33. Haraldur leggur fram yfirlit yfir meðferð ESA-málsins og stöðu, og gerir grein fyrir næstu skrefum í því. Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Í ljósi tilmæla menningar- og viðskiptaráðuneytisins, sbr. bréf dags. 3. apríl 2024, felur stjórn SORPU framkvæmdastjóra, í samvinnu við lögmenn félagsins og eftir atvikum aðra sérfræðinga, að hefja undirbúning að tilfærslu allrar efnahagslegrar starfsemi SORPU í félag eða félög með takmarkaðri ábyrgð eiganda, með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA. Framkvæmdastjóra er jafnframt falið að kynna stöðu málsins fyrir eigendum með viðeigandi hætti og kalla eftir afstöðu þeirra.“

Svana Helen vísar af fundi 08:40.

Haraldur Flosi vísar af fundi klukkan 08:53.

7. Málafni endurvinnslustöðva – staða verkefna hjá starfshópum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu tveggja vinnuhópa sem starfa fyrir endurvinnslustöðvar SORPU – annarsvegar hóps um mótun framtíðarstefnu fyrir rekstur endurvinnslustöðva, og hins vegar hóps sem metur þörf fyrir að ný stöð opni í stað Dalveggar, og staðsetningar sem kæmu til skoðunar. Góður gangur er í vinnu beggja hópa, og mun síðarnefndi hópurinn skila stjórn tillögum á næsta fundi stjórnar.

Sigríður Hulda vísar af fundi 09:05.

8. Neyslukönnun Gallup

Árelía vísar af fundi 09:14.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir niðurstöðum neyslukönnunar Gallup.

9. Önnur mál

Stjórn stefnir að því að halda vinnufund 28. maí frá 11:30-16:00.

Rætt var um bréfpoka, sem verða íbúum áfram aðgengilegir endurgjaldslaust á endurvinnslustöðvum SORPU og í Góða hirðinum. Verslanir hafa hafið sölu á bréfpokum undir matarleifar.

Svana Helen tengist fundi að nýju 09:25

Kynningaráætlun fyrir skýrslu um hátækniþrennslu liggur fyrir og stefnt að útgáfu skýrslu 18. apríl.

Stjórn SORPU vekur athygli á IMaR-ráðstefnu 18. apríl um sorþbrennsur.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:37.